

Viðauki II:

Kröfur sem gerðar skulu til útsæðis við sölu:

- a) Útsæðið skal vera í nýjum (ónotuðum) pokum og merkt skv. 9. grein.
- b) Jarðvegur sem við útsæðið loðir má ekki vera meira en 2% af þyngd (sbr. 10. gr.).
- c) Lágmarksstærð á útsæði er 28 mm. Bil milli neðri og efri marka má eigi vera meira en 15 mm. Frávik frá uppgefnum stærðarmörkum má ekki vera yfir 5% af þyngd (sbr. 10. gr.).
- d) Eingöngu má setja á útsæði efni sem heimiluð eru til slíkra nota hér á landi. Útsæðið má ekki vera spíruvarið (sbr. 10. gr.).
- e) Leyfilegt hámark mismunandi galla skal vera sem hér segir miðað við þyngd (hundraðshluti (%)):

	S	E	A	B	Annað útsæði
e 1. Votskemmd (stöngulsýki, votrotnun, frotskemmd) og þurrrotnun (Phoma, Fusarium, kartöflumygla)	0	1	1	2	4
e 2. Kláði (blöðrukláði eða flatkláði) sem þekur meira en 1/3 af yfirborði kartöflunnar.	5	5	5	5	7
e 3. Alvarlega skaddaðar eða vanskapaðar kartöflur. Með alvarlegri sköddun er átt við sár dýpri en 5 mm eða sár er þekja meira en 10% af yfirborði. Með vanskapnaði er átt við vaxtarsprungur dýpri en 5 mm og misvexti er rýrir notagildið.	5	5	5	5	7
e 4. Samanlagt e 1 - e 3	5	6	6	6	10
e 5. Vörtukláði	0	0	0	0	0
e 6. Íblöndun annarra afbrigða	0	0	0,5	1	2

29. janúar 1987

Nr. 67

GJALDSKRÁ

**vegna starfsleyfis skyldra fyrirtækja samkvæmt
reglugerð nr. 390/1985.**

1. gr.

Gjald samkvæmt gjaldskrá vegna starfsleyfis skyldra fyrirtækja samkvæmt reglugerð nr. 390/1985, sbr. gjaldskrá nr. 355/1986, verður sem hér segir:

1. flokkur kr. 91 000,00
2. flokkur kr. 34 000,00
3. flokkur kr. 17 000,00
4. flokkur kr. 6 000,00

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins staðfestist hér með samkv. 17. gr. 6. tl. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi frá og með birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. janúar 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.